



Félag löggiltra endurskoðenda

ÁRSSKÝRSLA FLE

Starfsárið 2023-2024



Efnisyfirlit

STJÓRN OG NEFNDIR 2023 – 2024.....	2
STÖRF STJÓRNAR FLE STARFSÁRIÐ 2023 – 2024.....	3
VIÐBURÐIR.....	5
MORGUNKORN	5
RÁÐSTEFNUR.....	6
NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLUFUNDIR	8
SÉRSTAKIR VIÐBURÐIR / NÁMSKEIÐ	9
STÖRF FASTANEFNDA	10
AÐRAR NEFNDIR OG STARFSHÓPAR.....	11
NÁMSSTYRKJA- OG RANNSÓKNARSJÓÐUR FLE.....	11
ERLEND SAMSKIPTI	12
REIKNINGSSKILARÁÐ	13
FÉLAGAR	13
LÖGGILDINGARPRÓF.....	15
ÁRSREIKNINGUR FLE	17
ÁRSREIKNINGUR NÁMSSTYRKJASJÓÐS.....	29



Stjórn og nefndir 2023 – 2024

Félagsstjórn

Kristrún Helga Ingólfssdóttir, formaður
Eymundur Einarsson, varaformaður
Ingunn H. Hauksdóttir
Sighvatur Halldórsson
Pálína Árnadóttir

Námsstyrkjasjóður, stjórn

Kristrún Helga Ingólfssdóttir, formaður
Arna G. Tryggvadóttir
Jón Sturla Jónsson
Eymundur Sveinn Einarsson, varamaður

Endurskoðandi

Davíð Arnar Einarsson, Grant Thornton

Fastanefndir

Álitsnefnd

Kristrún Helga Ingólfssdóttir, formaður
Eymundur Sveinn Einarsson, varaformaður
Hólmgrímur Bjarnason
Bryndís Björk Guðjónsdóttir
J. Sturla Jónsson
Margret Flóvenz, varamaður

Endurskoðunarnefnd

Eyþór Guðjónsson, formaður
Hrafnhildur Helgadóttir
Níels Guðmundsson
Brynja Dögg Guðjónsdóttir

Menntunarnefnd

Hildur Sigurðardóttir, formaður
Mikael Símonarson
Díana Hilmarsdóttir
Ármann Steinar Gunnarsson

Reikningsskilanefnd

Andri Guðmundsson, formaður
Þórunn Mjöll Jónsdóttir
Theodór Ingi Pálmason
Kristján Ari Sigurðsson

Skattanefnd

Anna Þóra Benediktsdóttir, formaður
Steingrímur Sigfússon
Daníel Jón Guðjónsson
Haukur Páll Guðmundsson

Stjórnskipaðar nefndir

Uppstillingarnefnd

Eymundur Sveinn Einarsson
Sif Einarssdóttir
Arnar Már Jóhannesson
Ljósbrá Baldursdóttir
Geir Steinþórsson

Ungliðanefnd

Fríða Rúnarsdóttir
Anna Kristín Kristinsdóttir
Þórunn Mjöll Jónsdóttir
Einar Örn Sigurjónsson

Störf stjórnar FLE starfsárið 2023 – 2024

Starfsárið hófst á mótun nýrrar stefnu fyrir félagið með greiningu á umhverfinu og samtölum við félagsmenn og aðra haghafa ásamt því að taka mið af stefnu NFR og IFAC. Niðurstaðan var eftirfarandi:

Megintilgangur félagsins er að gæta hagsmuna félagsmanna, styðja við faglega þróun og nýliðun stéttarinnar, efla skoðanaskipti og auka sýnileika ásamt því að bæta ásýnd stéttarinnar.

Megin markmið félagsins er að eftirsóknarvert sé að vera endurskoðandi og að störf þeirra séu mikilsmetin í samfélaginu.

Ákveðið var að vinna út frá eftirfarandi megináhersluatriðum:

- Eftirsóknarvert að vera endurskoðandi
- Hagsmunagæsla
- Fagleg þróun stéttarinnar
- Sýnileiki

Eftirsóknarvert að vera endurskoðandi

Dregið hefur úr ásókn í stéttina og endurskoðunarnámið ásamt því að nýliðun heldur ekki í við vöxt viðskiptalífsins, auknar kröfur sem gerðar eru til fagsins og fækkun er í stéttinni. Til að bregðast við þessu hefur FLE hefur undirbúið endurmörkun á faginu og markaðsáttak með því að veita styrk í gegnum Námsstyrkja- og rannsóknarsjóð FLE til rannsókna á því hvernig laða megi fólk til endurskoðunarstarfa og hvernig bæta megi ímynd stéttarinnar og kynna störf hennar fyrir almenningi. Eitt af markmiðum sjóðsins er að styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni FLE. Niðurstöður rannsókna verða síðan nýttar fyrir endurmörkun á faginu og markaðsáttak. Félagið hefur verið hluti af starfshópi um markaðsáttak hjá félögum endurskoðenda á Norðurlöndunum. FLE hefur unnið að því að auka sýnileika í gegnum miðla, fréttir og greinar og unnið að uppfærslu á heimasíðu félagsins.

Til viðbótar við endurmörkun og markaðssetningu á faginu þá hefur FLE átt í samtölum við háskóla um menntun endurskoðenda og kynnt námið fyrir nemendum í viðskiptafræði ásamt því að birt hafa verið viðtöl við félagsmenn til að kynna fagið.

Hagsmunagæsla

Hagsmunagæsla er umfangsmikill þáttur í starfsemi félagsins sem unnin er með því að vera með fulltrúa í hinum ýmsu ráðum og nefndum ásamt reglubundnum fundum með fulltrúum stjórnsýslunnar eins og ársreikningsskrá, skattinum, endurskoðendaráði og ráðuneytinu. Félagið er með fulltrúa í innleiðingarhópi ráðuneytisins á CSRD ásamt fulltrúa í reikningsskilaráði sem einnig kemur að innleiðingu á CSRD. Fundað var með ráðuneyti og ársreikningsskrá um skilafresti og stærðarmörk ársreikninga og önnur atriði er lúta að breytingum á lögum um ársreikninga. Hjá félaginu eru starfandi vinnuhópar um hagsmunamál og má þar nefna vinnuhóp um gullhúðun, staðfestingar, breytingar á lögum um ársreikninga og skattamál og CSRD innleiðingu. Vinnuhópar taka að sér ákveðin hagsmunamál sem geta verið tímabundin og í þeim sitja félagsmenn sem hafa góða þekkingu og reynslu af málefninu. Til viðbótar við vinnuhópa koma nefndir, starfsmenn skrifstofu og stjórn að hinum ýmsu hagsmunamálum. Álitsnefnd veitti á árinu umsögn um frumvarp vegna breytinga á stærðarmörkum.

Á árinu áritaði Ríkisendurskoðandi, sem ekki er löggiltur endurskoðandi, ársreikninga nokkurra félaga í meirihlutaeigu ríkisins ásamt því að ársreikningsskrá færði ársreikningana á skrá. FLE telur þetta ekki geta staðist og hefur komið skoðunum sínum vel á framfæri til fjölmiðla, endurskoðendaráðs, ráðuneytis og ársreikningsskrár ásamt því að leita til lögmannsstofu til að aðstoða við að hnekkja niðurstöðum eftirlitsstofnana sem ekki hafa brugðist við á viðeigandi hátt.



Fagleg þróun stéttarinnar

Faglegri þróun stéttarinnar var sinnt með því að bjóða upp á fjölbreytta viðburði, ráðstefnur, námskeið og erindi ásamt því að birtar voru greinar og fréttir á heimasíðu félagsins og í reglulegu fréttabréfi. Fylgst var með þróun í faginu í gegnum samstarf við NRF. Boðið var upp á námskeið og erindi um áhrif gervigreindar á endurskoðun og fræðslu um nýjan endurskoðunarstaðal fyrir endurskoðun á einfaldari félögum eða LCE. Félagið var í samskiptum við háskóla um þróun á náminu og þar var meðal annars komið inn á kennslu tengda gervigreind og tæknibreytingum sem hafa áhrif á endurskoðun, reikningsskil og skattskil framtíðarinnar.

Sýnileiki

Unnið var að því að auka sýnileika félagsins út á við og inn á við með reglulegum fréttum á heimasíðu, samfélagsmiðlum og í fréttabréf og í kjölfarið var ákveðið að hætta að gefa út FLE blaðið og birta efnið frekar jafnóðum á heimasíðu félagsins, á samfélagsmiðlum og í fréttabréfi. Óskað var eftir tilboðum í uppfærslu á heimasíðu í nútímalegra kerfi. Áhersla var lögð á góð og regluleg samskipti við félagsmenn og boðið var upp á viðburði sem náðu einnig til annarra utan félagsins. Við hvetjum félagsmenn til að vera virk á hinum ýmsu miðlum og koma á framfæri efni um fagið eða stéttina og vekja þannig athygli á bæði faginu og stéttinni.

Félagslíf

Félagsmenn kjósa í auknu mæli streymi í stað þess að mæta á ráðstefnur og námskeið. Til að bregðast við þessari þróun þá hyggst félagið bjóða í meira mæli upp á fræðslu eingöngu í streymi. Góð félagsleg tengsl félagsmanna, það að þeir þekkist og hafi regluleg samskipti, er mikilvægt fyrir starfsemi félagsins og stéttina. Til að ná árangri sem stétt, vera sýnileg og auka hróður stéttarinnar er mikilvægt að þekkjast vel innbyrðis og geta unnið saman sem ein heild. Mæting á ráðstefnur félagsins er partur í félagslífi. Horfa þarf til annarra viðburða til að tengja félagsmenn. Allar hugmyndir eru vel þegnar en félagið bauð upp á nokkra viðburði á árinu og þar má nefna að félagsmenn tóku til hendinni í sumarbúðum í Reykjadal sem vakti mikla og góða athygli, ásamt golfkennslu hjá einum af bestu golfurum landsins í frábæru veðri í Básun, að ógleymdu kveðjuhófi fyrir Sigurð fráfarandi framkvæmdastjóra og gleðistund með Frímanni Gunnarssyni. Að venju var árlegt formannaboð haldið í nóvember þar sem fyrrum formönnum félagsins ásamt mökum þeirra er boðið til veislu. Viðburðir þar sem félagsmenn hittast geta einnig nýst til að vekja athygli á stéttinni og auka sýnileika út á við eins og heimsókn í Reykjadal sýndi.

Erlent samstarf

Við höfum átt í góðu samstarfi við félögin á Norðurlöndunum í gegnum aðild okkar að NRF. Í gegnum NRF fáum við sterka tengingu inn í Accountancy Europe og IFAC og við stjórnendur þar. Þetta er mikilvægur þáttur í því að fylgjast með þróun í faginu á Norðurlöndunum, í Evrópu og alþjóðlega ásamt því að geta haft áhrif með því að láta rödd okkar heyrast.

Samþykktir félagsins

Unnið var að uppfærslu á samþykktum félagsins til að auka sveigjanleika í félagsaðild og skipun nefnda og vinnu hópa meðal annars.

Húsnæðismál

Í undirbúningi hefur verið að breyta húsnæði félagsins á Suðurlandsbraut þannig að það geti betur nýst til námskeiðshalds og móttöku fyrir félagsmenn og er áformað að leggja út í þá fjárfestingu á komandi misserum. Með þessu verður hægt að spara umtalsverðan kostnað við námskeiðshald ásamt því að bæta vinnuaðstöðu og bjóða upp á fjölbreyttari fundarhöld fyrir félagsmenn.

Starfmannamál

Í byrjun árs 2024 þá lét Sigurður Arnþórsson af störfum sem framkvæmdastjóri félagsins eftir um 14 farsæl ár í starfi. Við þökkum Sigurði fyrir sitt framlag til félagsins öll þessi ár og það var ánægjulegt og gefandi að vinna með honum. Unnar Friðrik Pálsson endurskoðandi tók við starfi framkvæmdastjóra félagsins og erum við heppin að fá að njóta krafta hans og reynslu fyrir félagið.



Lokaorð

Traust er einn af grunnþáttum sterks samfélags. Okkar hlutverk er meðal annars að skapa traust í viðskiptalífinu með þjónustu okkar. Til þess þarf sterka stétt sem vinnur saman í gegnum fagfélag sem er sýnilegt og kemur málefnum á framfæri til opinberra aðila og samfélagsins. Saman getum við áorkað miklu og náð framförum stéttinni til hagsbóta.

Fyrir hönd stjórnar vil ég nota tækifærið og þakka starfsmönnum félagsins fyrir afar gott samstarf. Einnig vil ég þakka félagsmönnum kærlega fyrir framlag þeirra til starfsins á starfsárinu. Þá vil ég einnig þakka meðstjórnarmönnum mínum kærlega fyrir afar gott og ánægjulegt samstarf.

Krístún Helga Ingólfssdóttir, formaður FLE

Viðburðir

Félagið stóð fyrir fjölmörgum viðburðum á árinu sem skiptust í ráðstefnur, námskeið og morgunkorn. Líkt og áður voru hinir föstu árlegu viðburðir á sínum stað sem eru Haustráðstefna, Skattadagur, Endurskoðunardagur og Reikningsskiladagur en jafnframt stóð félagið fyrir fjölmennri ráðstefnu þar sem fjallað var um birtingarmyndir og varnir þegar kemur að efnahagsbrotum og spillingu.

Morgunkorn

Morgunkornin á þessu starfsári voru mjög áhugaverð og vel sótt. Morgunkornin eru almennt haldin á Grand hóteli en eitt þeirra var haldið á skrifstofu FLE og tókst mjög vel. Ákveðið var að breyta til og hefja þau hálf tíma síðar en vani er vegna umferðar á morgnana og byrjuðu þau núna með morgunmat kl. 8:30 og stóðu til kl. 10:30. Kornin gefa því tvær endurmenntunareiningar fyrir þátttöku. Morgunkornin á starfsárinu urðu þrjú talsins, einu færri en gengið var út frá í dagskránni. Samtals sóttu 193 manns þessi morgunkorn sem voru haldin, sem er stóruækning frá fyrra starfsári.

Morgunkorn – Mun ný tegund gervigreindar gjörbylta endurskoðun og bókhaldi?

FLE fékk Tryggva Frey Elínarson, þróunarstjóra og sérfræðing tæknilausna hjá Datera, til að skoða hvaða áhrif ný kynslóð gervigreindar mun hafa á endurskoðun, bókhald, fjársýslu og aðra anga innan okkar geira. Í lok morgunkornsins fjallaði Friðrik Einarsson, endurskoðandi hjá KPMG, um nýlega rannsókn KPMG um áhrif gervigreindar á gerð fjárhagsupplýsinga, áskoranir við innleiðingu tækninnar og væntingar til ytri



endurskoðenda. Morgunkornið var tveggja klukkustunda langt og gaf tvær einingar í endurskoðun. Þátttakendur voru 70 manns.

Morgunkorn um löggildingarprófin

Farið var yfir framkvæmd, þátttöku og útkomu í síðustu prófum. Í framhaldinu var svo rætt um fyrirkomulag prófanna og hvernig þau geta þróast sem og þróun náms fyrir þá sem stefna á löggildingu í endurskoðun. Leiðbeinandi var Jón Arnar Baldurs, formaður prófnefndar. Þetta morgunkorn var haldið á skrifstofu FLE og heppnaðist mjög vel. Morgunkornið var um tveggja klukkustunda langt og gaf tvær einingar í endurskoðun. Þátttakendur voru 15 í það heila.

Morgunkorn – Skýrleiki og skattframkvæmd

Á morgunkorninu var velt upp spurningunni um það hvort skattalög eigi að vera skýr og skattframkvæmd hvort tveggja gagnsæ og fyrirsjáanleg. Farið var yfir leiðbeiningar Skattsins og mörk leiðbeiningarskyldu, skýrleika laga, lögskýringar og lögskýringarsjónarmið og loks hvert sé raunverulegt hlutverk Skattsins í stjórnsýslunni. Leiðbeinandi var Bjarnfreður Ólafsson, lögmaður og einn eigenda LOGOS. Morgunkornið var um tveggja klukkustunda langt og gaf tvær einingar í flokknum skattur og félagaréttur. Þátttakendur voru samtals 108. Einnig var boðið upp á streymi á þessu morgunkorni sem var haldið í Háteigi á Grand hóteli og voru 81 sem nýttu sér það en 27 mættu í salinn.

Ráðstefnur

Haldnar voru fimm stórar ráðstefnur og var þátttakan mjög góð.

Reikningsskiladagur

Föstudaginn 6. október 2023 var haldin ráðstefna um reikningsskil. Ráðstefnan var haldin í Háteig á Grand hóteli Reykjavík en var jafnframt streymt í rauntíma. Ráðstefnustjóri var Theodór Ingi Pálmason, endurskoðandi. Gestir í sal voru 48 en þátttakendur í streymi voru 141, samtals 189. Ráðstefnan gaf 3 einingar í flokknum reikningsskil og fjármál. Formaður FLE, Hólmgrímur Bjarnason, setti ráðstefnuna en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Guðmundur Óli Magnússon**, endurskoðandi og sérfræðingur hjá Fjársýslu ríkisins
Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS)
- **Signý Magnúsdóttir**, frá Reikningsskilaráði
Af borði Reikningsskilaráðs
- **Margrét Helga Guðmundsdóttir**, verkefnastjóri Deloitte
Innleiðing flokkunarreglugerðar ESB – EU Taxonomy og tilskipun um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (CSRD)

Haustráðstefna

Föstudaginn 10. nóvember 2023 var haldin haustráðstefna FLE á Nordica Hótel. Að venju lagði Menntunarnefnd FLE grunn að ráðstefnunni. Ráðstefnustjóri var Hildur Sigurðardóttir, endurskoðandi. Gestir voru 117 talsins. Ráðstefnan gaf samtals 5 einingar samkvæmt reglum um endurmenntun endurskoðenda. Eina í endurskoðun, eina í reikningsskilum og síðan þrjár til viðbótar sem fór eftir vali á vinnustofum. Formaður félagsins, Hólmgrímur Bjarnason, setti ráðstefnuna og gengið var til eftirfarandi dagskrár:

- **Landbúnaður og endurskoðendur**
Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra og þingmaður

Fjórar vinnustofur voru í boði og valdi hver og einn þrjár fyrir sig:

- **Vinnustofa 1: Eftirlitshlutverk Ársreikningaskrár**
Halldór Ingi Pálsson, sérfræðingur hjá fyrirtækja- og ársreikningaskrá, fjallaði um áhersluatriði ársreikningaskrár og breytingar á eftirlitshlutverki skrárinnar með innleiðingu flokkunarreglugerðarinnar (EU Taxonomy) og sjálfbærnireglugerðarinnar (CSRD). Þessi vinnustofa gaf eina einingu í flokknum reikningsskil.
- **Vinnustofa 2: Áritanir og staðfestingar endurskoðanda**
Niels Guðmundsson, endurskoðandi og nefndarmaður í endurskoðunarnefnd, fór yfir og kynnti tillögur nefndarinnar að leiðbeinandi áritunum, sem finna má á innri vef félagsins. Hér var gefin ein eining í flokknum endurskoðun.
- **Vinnustofa 3: Að byggja upp viðskiptasamband sem dafnar eins og að vera í góðu hjónabandi**
Áslaug Kristjánsdóttir, kynfræðingur, talaði um að hjónabönd væru flókin en viðskiptasambönd enn flóknari. Starfsmannahald og fjárhagsáætlanir eru aukið álag á annars flókið samband. Óskilvirkt samband milli eigenda getur verulega dregið úr hagnaði fyrirtækis og jafnvel grandað því. Áslaug fjallaði um þá þætti sem takast stöðugt á í samböndum; að sækjast eftir öryggi og stöðugleika í jafnvægi við nýjungar og sköpun. Hún ræddi einnig um hvernig við tökumst á við sambönd í vinnunni og heima. Þeir sem völdu þessa vinnustofu fengu eina einingu í flokknum siðareglur og fagleg gildi.
- **Vinnustofa 4: Jákvæð samskipti**
Pálmar Ragnarsson, fyrirlsari og körfuboltaþjálfari fjallaði á skemmtilegan hátt um það hvernig við getum náð því besta úr fólkinu í kringum okkur með góðum samskiptum. Hann tók til dæmis skemmtileg dæmi af samskiptum barna á íþróttæfingum og yfirfærði á vinnustaðina okkar, auk þess sem hann sagði frá niðurstöðum rannsóknar sem hann gerði á samskiptum á vinnustöðum á Íslandi í meistaranámi sínu í HÍ og hvernig við getum nýtt okkur þær til að ná því besta úr fólkinu okkar á okkar eigin vinnustað. Ein eining í flokknum siðareglur og fagleg gildi.

Skattadagur

Árleg ráðstefna um skattamál sem var haldin á Grand hóteli í Reykjavík í salnum Háteig og var einnig streymt í rauntíma, föstudaginn 26. janúar 2024. Skattanefnd sá um undirbúning dagskrár. Ráðstefnustjóri var Steingrímur Sigfússon, endurskoðandi. Ráðstefnan gaf 3,5 einingar í skatta- og félagarétti. Ráðstefnan var opin og þátttakendur urðu 207 talsins, af þeim voru 38 í sal en 169 í streymi. Formaður FLE, Krístrún Helga Ingólfssdóttir setti ráðstefnuna en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Af borði Ríkisskattstjóra**
Snorri Olsen, Ríkisskattstjóri, fór yfir stöðu mála hjá embættinu, helstu breytingar og fleira.
- **Millilandaviðskipti og skattar**
Ævar Hrafn Ingólfsson og Kristinn Jónasson, KPMG
- **Nýlegir úrskurðir og dómar**
Vala Valtýsdóttir, lögmaður Lögfræðistofu Reykjavíkur, fór yfir áhugaverða úrskurði og dóma.
- **Breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld**
Guðbjörg Þorsteinsdóttir, DT Legal, fór yfir helstu skattalagabreytingar.

Efnahagsbrot og spilling – Birtingarmyndir og varnir

Föstudaginn 3. maí var haldin ráðstefna um efnahagsbrot og spillingu, á Grand hóteli í Reykjavík. Ráðstefnan var haldin í Háteig og var einnig streymt í rauntíma. Þátttakendur voru 110, af þeim voru 25 í sal en 85 í streymi. Ráðstefnan gaf samtals 3,5 einingar í flokknum siðareglur og fagleg gildi samkvæmt reglum um endurmenntun. Ráðstefnustjóri var Krístrún Helga Ingólfssdóttir, endurskoðandi og formaður FLE. Dagskráin var eftirfarandi:

- **Bribery and corruption from the global perspective and in Iceland**
Nolan Williams, sérfræðingur fjallaði um hvernig litið er á mútur og spillingu bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi og hvernig menningarlegir þættir hafa áhrif á skynjun okkar á spillingu- og mútumálum.



- **Vindmyllur og hinn vandrataði meðalvegur**

Björg Anna Kristinsdóttir, lögfræðingur hjá KPMG á sviði aðgerða gegn peningaþvætti fjallaði um tengsl og áhrif spillingar á efnahagslífið. Hvort, og þá hvað, fyrirtæki og einstaklingar geti gert til að sporna við spillingu. Er hægt að stuðla að spillingarvörnum eða er þetta vonlaus barátta við vindmyllur?

- **Hjól afbrotalífsins**

Rúnólfur Þórhallsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá greiningardeild ríkislögreglustjóra fór yfir hvernig íslenska lögreglan sér spillingu í tengslum við afbrotumhverfið á Íslandi.

Í lokin stýrði Sigurður Páll Guttormsson pallborðsumræðum en hann er þáttastjórnandi Hvítþvottar, hlaðvarps um peningaþvætti og sérfræðingur í vörnum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Endurskoðunardagur

Föstudaginn 24. maí var haldin ráðstefna um endurskoðun, á Grand hóteli í Reykjavík og lagði Endurskoðunarnefnd félagsins drög að efninu. Ráðstefnan var haldin í Háteig og var einnig streymt í rauntíma. Þátttakendur voru 104, af þeim voru 38 í sal en 66 í streymi. Ráðstefnan gaf samtals 3,5 einingar í flokknum endurskoðun samkvæmt reglum um endurmenntun. Ráðstefnustjóri var Björn Óli Guðmundsson. Pálína Árnadóttir, endurskoðandi og stjórnarmaður FLE setti ráðstefnuna. Á eftir henni var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Endurskoðun einfaldari félaga, LCE staðallinn**

Kai Morten Hagen, frá norska endurskoðendasambandinu

- **Efst á baugi hjá Endurskoðendaráði**

Jón Arnar Baldurs

- **Hlutverk endurskoðunarnefnda**

Margret Flóvenz, endurskoðandi

- **Endurskoðun samstæðu, ISA 600**

Garðar Þór Stefánsson, endurskoðandi hjá Deloitte

- **Rannsóknarverkefni fyrir FLE – Hvernig á að laða að ungt og hæfileikaríkt fólk í endurskoðun?**

Valdimar Sigurðsson, prófessor við HR

Námskeið og fræðslufundir

Haldin voru fjögur námskeið á starfsárinu og voru þau mjög vel sótt.

Yfirferð löggildingarprófa frá 2022

Á fyrsta námskeiði starfsársins 5. september, var verkefnið að fara yfir löggildingarprófin 2022 sem gert var í samstarfi við prófnefnd um löggildingarpróf. Fjallað var um prófið samkvæmt reglugerð og úrlausn þess. Námskeiðið var fyrir alla en þó sérstaklega höfðaði það til nema í endurskoðun sem hyggjast þreyta prófið að hausti. Endurskoðendur voru að sama skapi velkomnir. Þátttakendur voru 53 talsins, en námskeiðið var haldið á Grand hóteli. Prófgerðarmenn fóru yfir og skýrðu lausnir. Með vísan til reglugerðar um endurmenntun endurskoðenda gefur námskeiðið 5 endurmenntunareiningar sem skiptast þannig: skatta- og félagaréttur 1 eining, endurskoðun 2,5 einingar, reikningsskil 1,5 einingar.

Niðurstöður gæðaeftirlits ásamt breytingum á gátlistum

Námskeiðið var haldið á Grand hóteli, fimmtudaginn 5. október. Leiðbeinendur voru Hildur Árnadóttir frá Endurskoðendaráði og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir, endurskoðandi. Námskeiðið gaf 3 endurmenntunareiningar í flokknum endurskoðun. Þátttakendur voru alls 81 en einungis 6 af þeim mættu í salinn en hinir 75 voru í streymi.

Á þessu námskeiði var farið yfir niðurstöður gæðaeftirlitsins og einnig var farið yfir þær breytingar sem hafa verið gerðar á gátlistunum.

Er ekki tími til kominn að tengja?

Námskeið um tengda aðila og milliverðlagningu var haldið þann 25. janúar, daginn fyrir Reikningsskiladag. Leiðbeinendur voru þau Unnar Friðrik Pálsson, endurskoðandi og framkvæmdastjóri FLE, Margrét Ágústa Sigurðardóttir, lögfræðingur hjá PwC og Berglind Klara Daníelsdóttir, endurskoðandi hjá Deloitte. Þátttaka var samtals 118 manns. Streymi var í boði á þessu námskeiði og nýttu 102 manns sér það en þeir sem mættu á Grand voru 16 talsins. Námskeiðið gaf 3 einingar, eina í flokknunum reikningsskil, eina í skattamálum og eina í flokknunum endurskoðun.

Námskeiðslýsing:

Í reikningsskilahlutanum fjallaði Unnar Friðrik um hugtakið tengdir aðilar samkvæmt lögum um ársreikninga og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og var farið yfir dæmi þar sem tengsl aðila voru metin og farið yfir kröfur um upplýsingagjöf í ársreikningi vegna tengdra aðila.

Margrét Ágústa tók skattahlutann og fór yfir reglur um milliverðlagningu í viðskiptum milli tengdra aðila.

Berglind Klara lokaði hringnum með endurskoðunarhlutanum þar sem hún fór yfir hvaða upplýsingar þarf að skoða og hvaða skoðanir þarf að framkvæma til að endurskoðun teljist nægjanleg og fullnægjandi samkvæmt kröfum alþjóðlegra endurskoðunarstaðla.

Kaupréttarsamningar

Námskeið – 23. maí, daginn fyrir Endurskoðunardag. Leiðbeinendur voru þeir Unnar Friðrik Pálsson, endurskoðandi og framkvæmdastjóri FLE, Steingrímur Sigfússon, endurskoðandi hjá KPMG og Frímann Snær Guðmundsson, verðmatssérfræðingur hjá Deloitte. Þátttaka var samtals 86 manns. Streymi var í boði á þessu námskeiði og nýttu 78 manns sér það en þeir sem mættu á Grand voru 8 talsins. Námskeiðið gaf 3 einingar, tvær í flokknunum reikningsskil og fjármál og eina í flokknunum skatta- og félagaréttur.

Námskeiðslýsing:

Í reikningsskilahlutanum fór Unnar Friðrik yfir bókhaldsfærslur á ávinnslutímabili vegna kaupréttarsamninga sem gerðir verða upp með afhendingu hluta, áhrif þess ef starfsmenn láta af störfum áður en ávinnslu er náð, skýringarkröfur í ársreikningi og hvað gerist ef kaupréttarsamningar eru ógiltir áður en ávinnslutímabili lýkur.

Steingrímur tók svo við með skattahlutann og fjallaði hann um skattalega meðferð kaupréttarsamninga, bæði í reikningsskilum félagsins og hjá kaupréttarhafa.

Síðastur, en ekki sístur, var Frímann Snær með verðmatshlutann en hann fjallaði um verðmatslíkön og forsendur þegar kemur að útreikningum á verðmæti kaupréttarsamninga.

Sérstakir viðburðir / námskeið

Spjallstofur fyrir nema

Þær voru haldnar 27. september 2023. Þórunn Mjöll Jónsdóttir, endurskoðandi hjá PwC, sá um reikningsskilahlutann, Eiríkur Kristófersson, endurskoðandi hjá PwC, um endurskoðunarhlutann og Kjartan Arnfinnsson, endurskoðandi hjá Debet – endurskoðun og reikningsskil um skattahlutann. Samtals tóku fjórir þátt, 3 á staðnum og einn í streymi.

Gleðistund

Að loknum Reikningsskiladegi 6. október var haldið í Hvamm á Grand Hóteli þar sem gleðistundin fór fram. Boðið var upp á léttar veitingar og skemmtu Regína Ósk og Svenni, bæði með söng og kennslu í línudansi. Kosinn var sigurvegari í dansinum að kennslu lokinni og fékk viðkomandi glæsilegan hatt í verðlaun.



Að taka löggildingarpróf

Þann 30. maí 2024 var námskeið sem ætlað er nemum, um undirbúning og próftöku löggildingarprófa. Farið var yfir hagnýt atriði er varða undirbúning fyrir löggildingarpróf og hvernig best er að haga vinnubrögðum í prófunum sjálfum. Leiðbeinandi var Eiríkur Kristófersson endurskoðandi. Fjórir tóku þátt og mættu tveir á námskeiðið sem haldið var í aðstöðu FLE en tveir voru með í streymi.

Tiltektar- og viðhaldsdagur í Reykjadal 16. maí – Samfélagsleg ábyrgð

Reykjadalur eru sumarbúðir í Mosfellsdal fyrir fötluð börn og ungmenni. FLE lagði sitt af mörkum og fékk með sér góðan hóp af endurskoðendum og samstarfsmönnum þeirra. Við mættum að morgni og fengum alls kyns verkefni bæði innan- og utandyra. Í hádeginu grilluðum við og nutum þess að borða öll saman. Mikil ánægja var með daginn hjá þeim sem mættu og sérstaklega hjá starfsfólki Reykjadals sem var óendanlega þakklátt fyrir hjálpinu. Við ætlum að endurtaka leikinn næsta vor og fjölmenna.

Kveðjuhóf Sigurðar

Eftir að formlegri dagskrá lauk á Endurskoðunardeginum, 24. maí, hittumst við fyrir framan Háteig þar sem boðið var upp á léttar veitingar og drykki. Nokkrir tóku til máls og sögðu skemmtilegar sögur af Sigurði og var honum þakkað fyrir gott samstarf og vel unnin störf fyrir FLE.

Golfkennsla

FLE stóð fyrir golfkennslu í Básam laugardaginn 10. ágúst. Snorri Páll Ólafsson, PGA golfkennari, sá um kennsluna en honum til aðstoðar var Haraldur Franklín, atvinnukylfingur. Skipt var niður í fjóra hópa eftir kunnáttu og komust allir að sem skráðu sig til leiks. Margir þátttakendur gátu svo gefið sér tíma til að setjast niður með okkur í klúbbhúsinu eftir kennsluna í yndislegu veðri sem lék við okkur þennan dag.

Störf fastanefnda

Á árinu voru fimm fastanefndir hjá félaginu; álitsnefnd, endurskoðunarnefnd, menntunarnefnd, reikningsskilanefnd og skattanefnd. Á aðalfundi þann 8. nóvember 2024 verður svo lögð fram tillaga stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins um að fella niður menntunarnefnd enda er það hlutverk að fylgjast með endurmenntun endurskoðenda nú hjá endurskoðendaráði en ekki FLE.

Álitsnefnd skilaði einni umsögn á starfsárinu, nánar tiltekið umsögn um þingskjal nr. 623 – 536. mál sem varðaði ársreikninga (stærðarmörk og endurskoðun).

Líkt og lesa má um í ársskýrslu síðasta árs var mikið um að vera hjá endurskoðunarnefnd á því ári svo sem vegna innleiðingar á nýjum gæðastöðlum og fyrirmyndum að áritunum sem finna má á heimasíðu FLE. Á þessu starfsári voru störf nefndarinnar að mestu fólgin í að koma að skipulagningu endurskoðunardags og eftir atvikum annarra námskeiða. Fram undan eru svo næg verkefni. Má þar nefna verkefni sem varðar staðfestingarstaðla eins og ISRS 4400, ISRS 4410 og ISAE 3000 þar sem þörf er á að setja ramma varðandi hvenær skuli nota tiltekna staðla því það er ekki ljóst á gildandi lagaumhverfi hvernig skuli staðfesta ýmsar upplýsingar m.a. tengt samruna félaga, skiptingum eða breytingum á hlutafé félaga.

Verkefni reikningsskilanefndar á árinu voru fólgin í því að vera skrifstofu innan handar við skipulagningu reikningsskiladags og tiltekinna námskeiða. Þá koma nefndarmenn að málum í vinnuhópi sem FLE setti á fót á vormánuðum og ætlað er að rýna lög um ársreikninga og koma í framhaldinu tillögum að lagabreytingum á framfæri við ráðuneyti.

Eins og undanfarin ár var eitt helsta verkefni skattanefndar að undirbúa árlegan skattadag félagsins. Nefndin lét heldur ekki sitt eftir liggja þegar kom að öðrum viðburðum þar sem skattamál komu við sögu og leitað var til nefndarmanna. Þannig hélt Steingrímur Sigfússon fyrirlestur um skattlagningu kaupréttarsamninga í maí og Anna Þóra Benediktsdóttir kom á spjallstofu fyrir nema sem voru á leið í löggildingarpróf. Þá er fulltrúi úr skattanefnd í vinnuhópi FLE sem fundar með Skattinum nokkrum sinnum á ári.

Aðrar nefndir og starfshópar

Uppstillingarnefnd

Verkefni nefndarinnar er að leggja fram tillögur til aðalfundar um félagsmenn til setu í stjórn og fastanefndum félagsins. Á aðalfundi félagsins 2023 var Uppstillingarnefnd sammála um tillögur og hlutu allir sem tilnefndir voru kosningu án mótframboðs.

Ritnefnd

Í ársbyrjun 2024 var ákveðið að leggja ritnefnd niður en hún var stjórnskipuð nefnd. Ástæða þess er sú að ákveðið var að hætta útgáfu árlegs FLE blaðs en leggja þess í stað áherslu á regluleg fréttabréf. Ólíkt FLE blaðinu eru fréttabréfin eingöngu rafræn en ekki prentuð. Stjórn og framkvæmdastjóri FLE vilja þakka meðlimum ritnefndar fyrir óeigingjarnt og gott starf gegnum árin.

Skemmtinefnd

Á árinu var nafni ungliðanefndar breytt í skemmtinefnd. Eins og nafnið gefur til kynna lítur hlutverk hennar að viðburðum er snerta félagslíf. Líkt og á fyrri árum hefur eitt helsta verkefni nefndarinnar verið að skipuleggja gleðistund í lok reikningsskiladags og er það mál manna að vel hafi tekist til.

Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður FLE

Sjóðurinn var stofnaður árið 2003, en fjárhagur félagsins þótti allgóður á þeim tíma. Lagði stjórn félagsins fram tillögu þess efnis að hluti fjármuna yrði varið í að treysta menntunargrundvöll endurskoðenda með því að veita styrki til framhaldsnáms í endurskoðun og reikningshaldi. Síðar var gert mögulegt að veita styrki til rannsókna á þessu sviði líka.

Markmið Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðsins er að:

- Styrkja bóklega menntun endurskoðenda með því að veita ýmist styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningsskilum eða styrkja stofnanir sem standa fyrir slíku námi.
- Veita styrki til eflingar rannsókna á sviði reikningshalds og endurskoðunar í þeim tilgangi að efla faglega umræðu um efnið, viðhalda og auka faglega þekkingu endurskoðenda eða styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni FLE eða lögbundið hlutverk þess.



Ein umsókn um styrk var afgreidd á starfsárinu, eins og fram kemur í ársreikningi sjóðsins. Það var umsókn frá Valdimari Sigurðssyni sem er doktor í markaðsfræðum og prófessor við Háskólann í Reykjavík. Rannsókn hans er þríþætt, í fyrsta lagi að skoða hvernig laða megi að ungt fólk til endurskoðunarstarfa, hvernig best sé að halda í hæfileikaríkt fagfólk í stéttinni og hvernig best sé að kynna störf endurskoðenda fyrir almenningi og stuðla að jákvæðri ímynd starfsins og félagsins. Félagið hyggst nýta niðurstöður rannsóknarinnar til að fara í markvissa markaðssetningu og eftir atvikum endurmörkun á félaginu



Erlend samskipti

Norræna endurskoðendasambandið (NRF)

Norræna endurskoðendasambandið (NRF) var stofnað árið 1931 og telst það vera elstu samtök endurskoðenda í heiminum. FLE varð aðili að sambandinu á árinu 1939. Meginhlutverk NRF er að vera sameiginlegur vettvangur aðildarfélaganna til að vinna að faglegri framþróun á sviði endurskoðunar og einnig að gera yfirvöldum og öðrum í löndunum grein fyrir samfélagslegu mikilvægi endurskoðendastarfsins. Til að styrkja stöðu norrænna endurskoðenda þá hefur NRF leitast við að koma fram sem einn aðili fyrir hönd þeirra á alþjóðavettvangi svo sem hjá Evrópusambandi endurskoðenda (Accountancy Europe-ACE) og Alþjóðasambandi endurskoðenda (IFAC). Öllu jöfnu eru haldnir einn til tveir formannafundir á ári svo og ársfundur, sem formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri FLE sækja. Framkvæmdastjórar norrænu félaganna halda einnig reglulega fundi til að ræða málefni endurskoðenda sem og markverða atburði sem varða störf þeirra í hverju landi fyrir sig.

Ársfundur NRF er að venju haldinn árlega í ágúst og var að þessu sinni haldinn í Stavanger í Noregi. Samkvæmt samþykktum NRF eiga þeir fulltrúar frá hverju Norðurlandanna rétt á setu á fundinum, formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri. Unnar Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri og Kristrún Ingólfssdóttir, formaður sóttu fundinn fyrir hönd FLE auk Margrétar Pétursdóttur stjórnarmanns í Alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC).

Megin þema ársfundarins var samvinna og forgangsöðun tengd sjálfbærni og tækni, ekki síst gervigreind og líkleg áhrif á störf okkar endurskoðenda í framtíðinni. Það er ljóst að það eru spennandi tímar fram undan í okkar fagi sem vonandi mun laða að fleira fólk í stéttina enda veitir ekki af því.

Það er alltaf lagður mikill metnaður í ársfundi NRF, bæði dagskrá og afþreyingu. Það voru fjölmargir boðsgestir á ársfundinum auk framkvæmdastjóra, starfsmanna og stjórnarmanna í NRF. Sumir boðsgestanna héldu stuttar kynningar sem tengdust sjálfbærni og tækni og í framhaldi af þeim var svo skipt í vinnuhópa sem þurftu að svara tilteknum spurningum um viðfangsefnin og kynna sínar niðurstöður.

Boðsgestir voru Lee White, nýráðinn framkvæmdastjóri IFAC, Olivier Boutellis-Taft, fráfarandi framkvæmdastjóri Accountancy Europe, Eelco van der Enden, sem er að taka við af Olivier sem framkvæmdastjóri, Mark Vaessen, forseti Accountancy Europe, Tom Seidenstein, formaður alþjóða staðlaráðsins (IAASB) og Ken Siong sem er verkefnastjóri hjá IESBA (International Ethics Standards Board for Accountants) auk þeirra sem NRF hefur tilnefnt í IFAC, sem auk Margrétar Pétursdóttur eru þau Kai Morten Hagen frá félagi endurskoðenda í Noregi og Therese Andersson sem starfar hjá sænska félaginu.

Evrópusamband endurskoðenda (Accountancy Europe)

Evrópusamband endurskoðenda (ACE) er samband endurskoðendafélaga í Evrópu. Innan vébanda þess eru 50 aðildarfélög frá 35 löndum, þar af eru 28 þeirra í Evrópusambandinu. Undir merkjum ACE eru um 1.000.000 félagsmenn. Af þeim eru um 45% starfandi í faginu og veita víðtæka þjónustu til fyrirtækja og stofnana af ýmsum stærðum og gerðum. Hin 55% félagsmanna eru við ýmis störf í verslun, iðnaði, hjá hinu opinbera og í menntakerfinu.

Eins og áður kom fram, hafa félögin á Norðurlöndum staðið sameiginlega að þátttöku í ACE með því að standa saman að framboði í nefndir á vegum ACE. Þá hefur framkvæmdastjóri NRF á hverjum tíma haft það hlutverk að koma fram fyrir hönd allra félaganna gagnvart ACE.

Accountancy Europe er málsvári fjölda sameiginlegra hagsmunamála endurskoðenda innan Evrópu. Má þar til dæmis nefna sérfræðiálit og samræmingu ýmiss konar sem tengist reikningsskilum, endurskoðun og skattamálum, en það hefur sýnt sig að talsverðan munur er að finna innan þessara málaflokka hjá Evrópuþjóðum.

Alþjóðasamband endurskoðenda (IFAC)

IFAC – (The International Federation of Accountants) Alþjóðasamband endurskoðenda var formlega stofnað á ráðstefnu endurskoðenda í München árið 1977. Til IFAC teljast nú 180 félög frá 135 löndum með um 3 milljónir endurskoðenda og sérfræðinga á sviði endurskoðunar og reikningshalds innan sinna vébanda sem ýmist starfa sem endurskoðendur, í háskólaumhverfinu, hjá hinu opinbera eða á hinum frjálsa



vinnumarkaði. Stjórn IFAC samanstendur af 21 fulltrúa frá 18 aðildarsamtökum. Margrét Pétursdóttir situr í stjórn IFAC sem fulltrúi NRF og er hún kjörin til þriggja ára eða til ársins 2025. Framkvæmdastjóri er Lee White frá Ástralíu.

Markmið IFAC er að viðhalda sífelldri þróun stéttarinnar og samræma staðla sem endurskoðendur starfa eftir. Með því má tryggja að störf endurskoðenda í þágu samfélagsins verði alltaf í hæsta gæðaflokki.

Til að ná fram markmiðum IFAC starfa ýmsar fastanefndir og vinnuhópar.

Reikningsskilaráð

Reikningsskilaráð er skipað af menningar- og viðskiptaráðherra til fjögurra ára í senn skv. 118. gr. laga nr. 3/2006 og skal stuðla að mótnun settra reikningsskilareglna með útgáfu og kynningu samræmdra reglna sem farið skal eftir við gerð reikningsskila. Ráðið skal gefa álit á því hvað teljast settar reikningsskilareglur á hverjum tíma. Birta skal reglur reikningsskilaráðs í B-deild Stjórnartíðina. Ráðið skal starfa í nánú samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og hagsmunaaðila. Það getur einnig verið stjórnvöldum til ráðuneytis um ákvæði sem sett eru í lögum eða reglugerðum um reikningsskil.

Í ráðinu 2021 - 2025 eiga sæti:

Jóhanna Á. Jónsdóttir, formaður, tilnefnd af ársreikningaskrá Ríkisskattstjóra

Elín Hanna Pétursdóttir, endurskoðandi, skipuð án tilnefningar

Signý Magnúsdóttir, endurskoðandi, tilnefnd af Viðskiptaráði Íslands

Sigurjón Geirsson, endurskoðandi, tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins

Sæmundur Valdimarsson, endurskoðandi, tilnefndur af Félagi löggiltra endurskoðenda en hann tók við af Unnari Friðriki Pálssyni snemma árs 2024.

Félagar

Félagsmönnum í FLE hefur fækkað um einn frá því í fyrra. Félagaskrá er að finna á vef FLE, en eftirfarandi súlurit og tafla gefur yfirlit um breytingar á félagsaðild.





Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) Skipting félagsmanna 31. ágúst 2024			
Félagsmenn FLE	2021-22	2022-23	2023-24
Félagsmenn í heild - endurskoðendur og nemar	423	428	427
Félagsmenn FLE - endurskoðendur	403	407	404
Karlar	291	291	288
Konur	112	116	116
Hjá endurskoðunarfyrirtæki	231	207	191
Utan endurskoðunarfyrirtækis	172	200	208
Þrjú stærstu endurskoðunarfyrirtækin	155	133	122
Innlögð réttindi	96	97	95
Gjaldfrír	60	64	60
Sundurliðun endurskoðenda eftir kyni			
Karlar hjá endurskoðunarfyrirtæki	170	145	134
Karlar utan endurskoðunarfyrirtækis	121	146	152
Karlar hjá þremur stærstu	102	83	76
Karlar með innlögð réttindi	81	80	79
Karlar gjaldfrír	57	61	56
Konur hjá endurskoðunarfyrirtæki	61	62	57
Konur utan endurskoðunarfyrirtækis	51	54	56
Konur hjá þremur stærstu	53	50	46
Konur með innlögð réttindi	15	17	16
Konur gjaldfríar	3	3	4
Breytingar á árinu - endurskoðendur			
Hættir á árinu	3	6	8
Látnir á árinu	3	3	8
Nýir endurskoðendur	8	14	11
Nemar með félagsaðild	20	21	23
Karlar	11	16	14
Konur	9	5	9

Löggildingarpróf

Endurskoðendaráð afhenti nýútskrifuðum endurskoðendum löggildingarskírteini sín þann 7. desember 2023.

Það voru 15 sem þreyttu prófið í endurskoðun og reikningsskilum og af þeim voru 10 sem stóðust prófið. Þá voru 19 sem þreyttu prófið í skattalögum, félagarétti, kostnaðarbókhaldi og stjórnendareikningsskilum og 11 manns stóðust það.

Af þeim sem fóru í bæði prófin voru það ellefu sem stóðust, átta karlar og þrjár konur og hafa þau öll gengið í félagið. Við óskum nýjum löggiltum endurskoðendum til hamingju með áfangann og bjóðum þau velkomin, en þau eru:

Arnór Orri Jóhannsson, Enor (EY/Deloitte)
Ágústa Tryggvadóttir, Icelandia (PwC)
Björn Víkingur Þórðarson, Deloitte
Elfa Dís Gunnarsdóttir, Deloitte
Eyðdís Sunadóttir, KPMG
Jóhann Andri Kristjánsson, PwC
Kalman Stefánsson, Gæðaendurskoðun
Kristófer Þórsson, Kerecis (PwC)
Runólfur Sveinn Sigmundsson, Deloitte
Sigurður Ingvi Rögnvaldsson, PwC
Sindri Snær Símonarson, Deloitte (EY)







Félag löggiltra endurskoðenda

Ársreikningur starfsárið

1. september 2023 til 31. ágúst 2024



Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið

Félag löggiltra endurskoðenda (skammstafað „FLE“) er félag endurskoðenda og annarra sem starfa við endurskoðun. Tilgangur félagsins er margþættur og felst m.a. í hagsmunagæslu fyrir endurskoðendur, því að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna með námskeiðshaldi og upplýsingamiðlun, að vera í forsvari fyrir félagsmenn sem heild á opinberum vettvangi og að stuðla að gagnkvæmum kynnum þeirra á meðal. Heildarfjöldi félagsmanna í lok reikningsársins 31. ágúst 2024 var 427 (31.8.2023: 428), þar af voru 309 félagsmenn með virk réttindi sem endurskoðendur (31.8.2023: 310).

FLE flokkast sem óskattskyld félagasamtök og er félagið ekki rekið í hagnaðarskyni.

Rekstur félagsins og afkoma á reikningsárinu

Tekjustraumar félagsins eru tveir, annars vegar félagsgjöld en hins vegar tekjur af ráðstefnu- og námskeiðshaldi. Félagsgjöld á reikningsárinu námu 49.070.000 kr. samanborið við 45.878.000 kr. á fyrra ári og hækkuðu því um 7,0% milli ára en á aðalfundi félagsins í nóvember 2023 var tillaga stjórnar um 10.000 kr. hækkun á félagsgjaldi samþykkt. Tekjur af námskeiðshaldi námu 32.643.500 kr. samanborið við 25.111.000 kr. reikningsárið á undan en það er hækkun um 30,0%. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af fleiri viðburðum en á fyrra rekstrarári en ráðstefnu- og námskeiðsgjöld hækkuðu lítillega milli rekstrarára eða um 500 kr. per. klst.

Veigamestu útgjaldaliðir félagsins eru, auk launa- og launatengdra gjalda, húsaleiga og kostnaður af ráðstefnu- og námskeiðshaldi ásamt kostnaði við erlent samstarf en félagið er aðili að norræna endurskoðunarsambandinu (NRF), evrópska endurskoðunarsambandinu (Accountancy Europe) og alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC). Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 13,2% milli ára og skýrast af kostnaði við ráðningu nýs framkvæmdastjóra og því tímabundum hærri launakostnaði vegna skörunar í upphafi árs 2024 meðan framkvæmdastjóraskipti voru að eiga sér stað. Á móti auknum umsvifum og tekjum af ráðstefnu- og námskeiðshaldi hækkaði kostnaður við þessa viðburði í takt við hlutfallslega hækkun tekna af viðburðum.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu gjöld umfram tekjur 4.277.917 kr. á rekstrarárinu en á fyrra rekstrarári námu gjöld umfram tekjur 2.759.961 kr. Lakari afkoma skýrist að stórum hluta af skörun launakostnaðar eins og fyrr segir ásamt aðkeyptri þjónustu meðan á ráðningarferli stóð. Þá hækkaði húsnæðiskostnaður félagsins um 7,6% milli rekstrarára en húsaleigusamningur félagsins er verðtryggður.

Rekstrarhorfur og verkefni fram undan

Stjórn og framkvæmdastjóri eru mjög meðvituð um að félagið er rekið fyrir aðildar-, ráðstefnu- og námskeiðsgjöld félagsmanna og að það beri að fara vel með það fé.

Þrátt fyrir að aðhalds verði hér eftir sem hingað til gætt í starfsemi félagsins eru veigamiklir útgjaldaliðir fram undan. Því er gert ráð fyrir því að félagið verði rekið með tapi á rekstrarárinu 1. september 2024 til 31. ágúst 2025. Rétt er að hafa í huga að félagið á töluvert handbært fé eða rúmar 40 millj. kr. í lok rekstrarársins, eiginfjárlutfall þess var þá 87,7% og að félagið er ekki rekið í hagnaðarskyni. Það er því vel í stakk búið til að mæta tímabundnum taprekstri. Eftirfarandi er samantekt á helstu tímabundnu verkefnum sem fram undan eru sem skýra að reikna má með taprekstri næsta reikningsár.



Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Rekstrarhorfur og verkefni fram undan, frh.

Markaðskostnaður

Félagið telur afar brýnt að leggja sitt af mörkum til að fjölga í stétt endurskoðenda á næstu árum enda er nýliðun í stéttinni of lítil. Í maí 2024 samþykkti námsstyrkja- og rannsóknasjóður félagsins umsókn frá Valdimari Sigurðssyni sem er doktor í markaðsfræðum og prófessor við Háskólann í Reykjavík. Rannsókn hans er þríþætt, í fyrsta lagi að skoða hvernig laða megi að ungt fólk til endurskoðunarstarfa, hvernig best sé að halda í hæfileikaríkt fagfólk í stéttinni og hvernig best sé að kynna störf endurskoðenda fyrir almenningi og stuðla að jákvæðri ímynd starfsins og félagsins. Félagið hyggst nýta niðurstöður rannsóknarinnar til að fara í markvissa markaðssetningu og eftir atvikum endurmörkun á féluginu og er ljóst að það mun hafa útgjöld í för með sér.

Húsnæðismál

Húsnæðisbreytingar eru fyrirhugaðar og standa nú yfir samningaviðræður við leigusala félagsins. Markmiðið er að félagið muni í auknum mæli halda námskeið í eigin húsnæði og bæta aðstöðu til að streyma þaðan viðburðum. Það mun falla til kostnaður við það en á móti kemur að þegar breytingum er lokið mun sparast töluverður kostnaður við ráðstefnu- og námskeiðshald í framtíðinni.

Lögfræðikostnaður

Síðastliðið sumar ákvað félagið að leita til lögmannsstofu til að fá álit á því hvort það stæðist að ríkisendurskoðandi, sem er ekki löggiltur endurskoðandi, áritaði ársreikninga og að ársreikningar þeirra félaga séu færðir á skrá hjá ársreikningaskrá ríkisskattstjóra. Niðurstöður munu verða kynntar félagsmönnum um leið og færi gefst sem og komið á framfæri við viðeigandi stjórnvöld. Eins og gefur að skilja hefur þetta kostnað í för með sér fyrir félagið en er ójákvæmilegt vegna þess hversu miklu þetta varðar fyrir stétt endurskoðenda.

Staðfesting stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 1. september 2023 til 31. ágúst 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík 29. október 2024

Stjórn:

Kristrún Helga Ingólfssdóttir

Eymundur Einarsson

Pálína Árnadóttir

Sighvatur Halldórsson

Framkvæmdastjóri:

Unnar Friðrik Pálsson



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Félagi löggiltra endurskoðanda

Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags löggiltra endurskoðanda fyrir starfsárið 1. september 2023 til 31. ágúst 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á starfsárinu, efnahag þess 31. ágúst 2024 og breytingu á handbæru fé, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð minni samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Aðrar upplýsingar

Álit mitt nær ekki yfir aðrar upplýsingar sem félagið gefur út aðrar en ársreikninginn sjálfan og áritun á hann. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir þar með talið öllum upplýsingum í ársskýrslu félagsins. Félagið mun afhenta mér ársskýrsluna eftir að ég árita ársreikninginn en vinna mín í tengslum við endurskoðunina mun felast í athugun á því hvort að til staðar sé ósamræmi á milli ársskýrslunnar og ársreikningsins. Sú athugun byggir meðal annars á þeirri þekkingu sem ég hef aflað í endurskoðuninni. Ef upp kemst um verulegar villur eða ósamræmi á milli ársskýrslu og ársreikningsins, mun ég koma því á framfæri til stjórnar félagsins og ég mun beita viðeigandi aðgerðum ef slíkar aðstæður koma upp og ég tel þær vera vísitandi.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar og forstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita í skýrslu stjórnar samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórnin skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið með endurskoðuninni er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit mitt.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Nægjanlega vissi er mikil vissi, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og er beitt faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Eftirfarandi atriði voru einnig hluti af endurskoðun okkar: □

- Greini og met hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hanna og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Met hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Álykta um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og met á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef ég tel að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber mér að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf ég að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minnar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Mér ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðuninni, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á. Upplýsingar sem við höfum afhent stjórn og framkvæmdastjóra eftir endurskoðunina er í samræmi við áritun okkar. □

Ég var kjörinn endurskoðandi félagsins í nóvember 2017 en þetta er sjöundi ársreikningurinn sem ég hef endurskoðað.

Grant Thornton

Davíð Arnar Einarsson

Löggiltur endurskoðandi

Reykjavík 29. október 2024



Rekstrarreikningur 1. september 2023 - 31. ágúst 2024

		2023-2024	2022-2023
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		49.070.000	45.878.000
Tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi		32.643.500	25.111.000
Aðrar tekjur		340.275	299.781
	3	<u>82.053.775</u>	<u>71.288.781</u>
Rekstrargjöld			
Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	4	50.978.412	44.973.426
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	6.562.966	3.080.930
Húsnæðiskostnaður	6	6.782.466	6.301.358
Kostnaður við ráðstefnur, námskeið og aðalfund		10.563.432	8.055.132
Félagsstarf	7	2.516.674	2.259.141
Upplýsingamiðlun og markaðsmál	8	1.705.058	1.729.527
Erlent samstarf	9	10.212.048	9.949.018
		<u>89.321.056</u>	<u>76.348.532</u>
Rekstrartap		(7.267.281)	(5.059.751)
Fjáreignatekjur			
Fjáreignatekjur		<u>2.989.364</u>	<u>2.299.790</u>
Gjöld umfram tekjur á rekstrarárinu		<u>(4.277.917)</u>	<u>(2.759.961)</u>



Efnahagsreikningur 31. ágúst 2024

Eignir	Skýr	31.8.2024	31.8.2023
--------	------	-----------	-----------

Veltufjármunir

Viðskiptakröfur	615.800	162.575
Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar kröfur	2.348.222	2.673.392
Handbært fé	40.172.657	43.306.438
Eignir samtals	43.136.679	46.142.405

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	10	37.843.752	42.121.669
----------------	----	------------	------------

Skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir	5.292.927	4.020.736
Eigið fé og skuldir samtals	43.136.679	46.142.405



Yfirlit um sjóðstreymi 1. september 2023- 31. ágúst 2024

	2023-2024	2022-2023
Rekstrarhreyfingar:		
Gjöld umfram tekjur á rekstrarárinu	(4.277.917)	(2.759.961)
	(4.277.917)	(2.759.961)
Rekstartengdar eignir, (hækkun) lækkun	(128.055)	1.148.913
Rekstartengdar skuldir, hækkun (lækkun)	1.272.191	(3.019.918)
Handbært fé til rekstrar	(3.133.781)	(4.630.966)
 Breyting á handbæru fé	 (3.133.781)	 (4.630.966)
Handbært fé í byrjun rekstrarársins	43.306.438	47.937.404
Handbært fé í lok rekstrarársins	40.172.657	43.306.438



Upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar

1. Félagið

Félag löggiltra endurskoðenda (skammstafað „FLE“) er félag endurskoðenda og annarra sem starfa við endurskoðun. Tilgangur félagsins er margþættur og felst m.a. í hagsmunagæslu fyrir endurskoðendur, því að viðhalda og auka faglega þekkingu félagsmanna með námskeiðshaldi og upplýsingamiðlun, að vera í forsvari fyrir félagsmenn sem heild á opinberum vettvangi og að stuðla að gagnkvæmum kynnum þeirra á meðal. Félagið er óskattskyld og er ekki rekið í hagnaðarskyni.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Fleiri liðir eru nú sérgreindir í rekstrarreikningi en á fyrri árum og hefur framsetningu samanburðarfjárhæða verið breytt til samræmis við það. Reikningsár félagsins er frá 1. september til 31. ágúst.

Rekstrartekjur

Félagsgjöld eru færð til tekna með jöfnum hætti á reikningsárinu. Tekjur af ráðstefnu- og námskeiðshaldi eru færðar þegar viðkomandi ráðstefna eða námskeið hefur verið haldið.

Rekstrargjöld

Gjöld eru færð eftir því sem þau falla til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Handbært fé

Handbært fé í efnahagsreikningi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

3. Rekstrartekjur

Félagsgjöld greinast þannig:

	2023-2024	2022-2023
Fullt gjald	45.400.000	42.000.000
Hálft gjald	2.325.000	2.310.000
Inntökugjald	825.000	980.000
Aukaaðild	520.000	588.000
	<u>49.070.000</u>	<u>45.878.000</u>

Endurskoðendur með virk réttindi greiða fullt félagsgjald. Þeir sem lagt hafa inn réttindi greiða hálft félagsgjald. Inntökugjald greiða félagsmenn sem luku löggildingarprófum á yfirstandandi rekstrarári og nemur það helmingi af fullu gjaldi. Félagsmenn 70 ára og eldri greiða ekki félagsgjald. Gjald þeirra sem eru með aukaaðild er 1/5 hluti af fullu gjaldi.

Tekjur af ráðstefnu- og námskeiðahaldi greinast þannig:

	2023-2024	2022-2023
Ráðstefnur	20.328.000	18.475.000
Námskeið	12.315.500	6.636.000
	<u>32.643.500</u>	<u>25.111.000</u>



Upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar, frh.

4. Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður

Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður greinast þannig:

	2023-2024	2022-2023
Laun	39.494.600	34.645.494
Áfallið orlof, breyting	464.382	382.021
Bifreiðastyrkur	1.495.200	1.363.000
Mótframlag í lífeyrissjóð	5.770.082	5.330.362
Tryggingagjald	2.967.210	2.623.234
Önnur launatengd gjöld	206.688	180.505
Annar starfsmannakostnaður	580.250	448.810
	<u>50.978.412</u>	<u>44.973.426</u>

Hjá félaginu starfa tveir starfsmenn í fullu starfi.

5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:

	2023-2024	2022-2023
Ráðningarkostnaður við framkvæmdastjóranskipti	2.232.000	0
Ritföng, pappír og prentun	73.636	112.795
Símakostnaður	258.622	319.522
Aðkeyptur akstur	13.700	0
Tryggingar	85.781	608.095
Smaáhöld og viðhald	934.370	146.219
Kostnaður vegna stjórnar og nefnda	131.330	69.400
Bankakostnaður	164.747	158.098
Fundakostnaður	1.386.724	727.604
Tímarit og áskriftir	172.521	83.484
Endurskoðun	746.250	695.573
Ýmis annar kostnaður	363.285	160.140
	<u>6.562.966</u>	<u>3.080.930</u>

6. Húsnaðiskostnaður

Húsnaðiskostnaður greinist þannig:

	2023-2024	2022-2023
Húsaleiga	6.317.172	5.906.076
Þrif	263.031	160.742
Öryggisgæsla	180.023	216.225
Annar húsnaðiskostnaður	22.240	18.315
	<u>6.782.466</u>	<u>6.301.358</u>

Félagið er leigutaki að skrifstofuhúsnæði að Suðurlandsbraut 6 þar sem starfsemi þess fer fram. Húsaleigusamningurinn var framlengdur um þrjú ár seint á árinu 2023 og lýkur honum án sérstakrar uppsagnar þann 30. nóvember 2026. Í lok rekstrarárs þann 31. ágúst 2024 voru 27 mánuðir eftir af samningnum. Leiga er greidd fyrirfram, einn mánuði í senn. Leiga fyrir september 2024 nam 509.249 kr. Leiguskuldbinding næstu 27 mánuði frá lokum rekstrarárs nemur því 13.749.723 kr. en þá er ekki tekið tillit til framtíðarverðbólgu en húsaleigusamningurinn er verðtryggður. Félagið beitir reglu reikningsskilaráðs nr. 6 um leigusamninga og færir því hvorki leigueign né leiguskuld í efnahagsreikning.



Upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar, frh.

7. Félagsstarf

	2023-2024	2022-2023
Gleðistund	824.960	1.101.810
Formannaboð	904.742	1.157.331
Kveðjuhóf fyrir fyrrverandi framkvæmdastjóra	373.010	0
Aðrir viðburðir fyrir félagsmenn	413.962	0
	<u>2.516.674</u>	<u>2.259.141</u>

8. Upplýsingamiðlun og markaðsmál

Upplýsingamiðlun og markaðsmál greinast þannig:

	2023-2024	2022-2023
Rekstur upplýsingakerfis, heimasíða og hugbúnaðarþjónusta	1.620.242	924.730
Útgáfustarfsemi	84.816	804.797
	<u>1.705.058</u>	<u>1.729.527</u>

9. Erlent samstarf

Kostnaður við erlent samstarf greinist þannig:

	2023-2024	2022-2023
Árgjald evrópska endurskoðunarsambandsins (Accountancy Europe)	3.791.249	3.125.130
Árgjald alþjóða endurskoðunarsambandsins (IFAC)	1.524.466	1.587.813
Norræna endurskoðunarsambandið (NRF)	4.439.600	4.909.739
Ferðakostnaður vegna funda erlendis	456.733	326.336
	<u>10.212.048</u>	<u>9.949.018</u>

10. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eigin fé:

Eigið fé 1.9.2023	42.121.669
Gjöld umfram tekjur á rekstrarárinu	(4.277.917)
Eigið fé 31.8.2024	<u>37.843.752</u>





Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður Félags löggiltra endurskoðenda

**Ársreikningur starfsárið
1. september 2023 til 31. ágúst 2024**



Skýrsla stjórnar

Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður Félags löggiltra endurskoðenda („sjóðurinn“) var stofnaður á félagsfundi þann 4. júní 2003. Markmið sjóðsins er að styrkja bóklega menntun endurskoðenda á Íslandi með því að veita ýmist styrki til einstaklinga sem stunda framhaldsnám í endurskoðun og reikningsskilum eða með því að styrkja stofnanir sem standa fyrir slíku námi.

Einnig er markmið sjóðsins að veita styrki til eflingar rannsókna á sviði reikningshalds og endurskoðunar í þeim tilgangi að efla faglega umræðu um endurskoðun og reikningshald, viðhalda og auka faglega þekkingu endurskoðenda eða styrkja rannsóknir sem snerta beint hagsmuni Félags löggiltra endurskoðenda („FLE“) eða lögbundið hlutverk þess. Stjórn sjóðsins er heimilt að úthluta bæði höfuðstól sjóðsins og ávöxtun hans.

Á starfsárinu samþykkti stjórn sjóðsins eina umsókn en hún var frá Valdimari Sigurðssyni sem er doktor í markaðsfræðum og prófessor við Háskólann í Reykjavík. Styrkfjárhæðin nemur 4,0 millj. kr. Um er að ræða rannsókn þar sem markmiðið er þríþætt; í fyrsta lagi að skoða hvernig laða megi að fólki til endurskoðunarstarfa, hvernig best sé að halda í hæfileikaríkt fagfólk í stéttinni og loks hvernig best sé að kynna störf endurskoðenda fyrir almenningi og stuðla að jákvæðri mynd starfsins og FLE.

Rannsókninni mun ljúka með skýrslu þar sem helstu niðurstöður verða kynntar en niðurstöður einstakra efnisþátta munu verða kynntar félagsmönnum FLE á morgunkornum og námskeiðum eftir því sem rannsókninni vindur fram. Ætlunin er svo að félagið nýti sér niðurstöður rannsóknarinnar í áframhaldandi vinnu við mörkun og markaðssetningu á stéttinni.

Af 4,0 millj. kr. styrkfjárhæð var 1,0 millj. kr. greidd fyrir lok rekstrarársins en þær greiðslur sem eftir eru munu verða inntar af hendi eftir framgangi verksins í samræmi við nánar tilgreind ákvæði í samningi sjóðsins og Valdimars. Gert er ráð fyrir að rannsókninni ljúki fyrir árslok 2025.

Eftirstöðvar annarra samþykktra styrkja nema 1,2 millj. kr. sem verða greiddir á næsta ári eða eftir framvindu rannsókna styrkþega.

Þar eð greiðsla styrkja er háð framvindu rannsókna, það er að tiltekin skilyrði séu uppfyllt, eru ógreiddir styrkir ekki færðir til gjalda og skuldar í ársreikningi fyrr en viðeigandi árangri hefur verið náð og greiðsluskylda myndast.

Samkvæmt 3. gr. skipulagsskrár námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs skal sjóðurinn vera í vörslu FLE og eignum hans haldið aðgreindum frá eignum félagsins. Jafnframt segir í sömu grein að leitast skuli við að ávaxta fjármuni sjóðsins með tryggum og öruggum hætti. Fjármunir sjóðsins hafa verið ávaxtaðir í ríkisverðbréfum en vegna daprar ávöxtunar síðastliðin ár ákvað stjórn sjóðsins á fundi í maí 2024 að innleysa eign sína í verðbréfasjóðnum að fullu og ávaxta fjármunina þess í stað á óbundnum innlánsreikningi enda vaxtastig hátt.

Reykjavík, 29. október 2024.

Stjórn:

Kristrún Helga Ingólfssdóttir

Arna G. Tryggvadóttir

Jón Sturla Jónsson



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs og félagsmanna í Félagi löggiltra endurskoðanda

Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Námsstyrkja- og rannsóknarsjóðs Félags löggiltra endurskoðanda fyrir starfsárið 1. september 2023 til 31. ágúst 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á starfsárinu, efnahag hans 31. ágúst 2024 og breytingu á handbæru fé, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð minni samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður sjóðnum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Aðrar upplýsingar

Álit mitt nær ekki yfir aðrar upplýsingar sem félagið gefur út aðrar en ársreikninginn sjálfan og áritun á hann. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir þar með talið öllum upplýsingum í ársskýrslu félagsins. Félagið mun afhenta mér ársskýrsluna eftir að ég árita ársreikninginn en vinna mín í tengslum við endurskoðunina mun felast í athugun á því hvort að til staðar sé ósamræmi á milli ársskýrslunnar og ársreikningsins. Sú athugun byggir meðal annars á þeirri þekkingu sem ég hef aflað í endurskoðuninni. Ef upp kemst um verulegar villur eða ósamræmi á milli ársskýrslu og ársreikningsins, mun ég koma því á framfæri til stjórnar félagsins og ég mun beita viðeigandi aðgerðum ef slíkar aðstæður koma upp og ég tel þær vera vísitandi.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í yfirlýsingu stjórnar og forstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita í skýrslu stjórnar samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það. Stjórnin skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið með endurskoðuninni er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit mitt.

Næganlega vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og er beitt faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Einnig framkvæmi ég eftirfarandi:

- Greini og met hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hanna og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Met hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Álykta um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og met á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef ég tel að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber mér að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf ég að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minnar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Mér ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðuninni, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á. Upplýsingar sem við höfum afhent stjórn og framkvæmdastjóra eftir endurskoðunina er í samræmi við áritun okkar.

Ég var kjörinn endurskoðandi félagsins í nóvember 2017 en þetta er sjöundi ársreikningurinn sem ég hef endurskoðað.

Grant Thornton
Dávíð Arnar Einarsson
Löggiltur endurskoðandi
Reykjavík, 29. október 2024



Rekstrarreikningur 1. september 2023 til 31. ágúst 2024

	Skýr.	2023-2024	2022-2023
Fjáreignatekjur og (-gjöld):			
Matsbreyting verðbréfaeignar	3	(317.568)	(194.280)
Vaxtatekjur af óbundinni bankainnstæðu	4	198.914	0
Áætlaður áfallinn fjármagnstekjuskattur	4	(43.761)	0
		<u>(162.415)</u>	<u>(194.280)</u>
Rekstrargjöld:			
Greiddir styrkir	6	(1.000.000)	(1.800.000)
		<u>(1.000.000)</u>	<u>(1.800.000)</u>
Úthlutað umfram ávöxtun á rekstrarárinu.....	5	<u>(1.162.415)</u>	<u>(1.994.280)</u>



Efnahagsreikningur 31. ágúst 2024

	Skýr.	31.8.2024	31.8.2023
Eignir			
Veltufjármunir			
Fjármunir í eignastýringu	3	0	9.332.245
Handbært fé	4	8.014.677	0
Áunnar vaxtatekjur af óbundnum bankareikningi	4	198.914	0
		<u>8.213.591</u>	<u>9.332.245</u>
Eignir samtals		<u>8.213.591</u>	<u>9.332.245</u>
Eigið fé			
Stofnframlag FLE		20.000.000	20.000.000
Úthlutað umfram ávöxtun		(11.830.170)	(10.667.755)
	5	<u>8.169.830</u>	<u>9.332.245</u>
Skammtímaskuldir			
Áætlaður áfallinn fjármagnstekjuskattur	4	43.761	0
		<u>43.761</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>8.213.591</u>	<u>9.332.245</u>
Skuldbindingar utan efnahags	6	4.200.000	1.200.000



Skýringar

1. Sjóðurinn

Námsstyrkja- og rannsóknarsjóður Félags löggiltra endurskoðenda („sjóðurinn“) var stofnaður á félagsfundi þann 4. júní 2003. Markmið sjóðsins er að styrkja bóklega menntun endurskoðenda á Íslandi með styrkveitingum sem og og að veita styrki til eflingar rannsókna og sviði reikningshalds. Ítarlegri upplýsingar um tilgang sjóðsins og ráðstöfunarheimildir fjármuna hans er að finna í skýrslu stjórnar í ársreikningnum.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Reikningsár sjóðsins er 1. september til 31. ágúst.

3. Verðbréf

Verðbréf sjóðsins samanstóðu af skráðum ríkisverðbréfum sem voru keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Sjóðurinn færði þau á markaðsverði og matsbreytingarnar í rekstrarreikning á því tímabili sem þær féllu til. Vorið 2024 var öll verðbréfaeign félagsins seld og eru fjármunir sjóðsins nú ávaxtaðir á bankareikningi.

4. Handbært fé, vaxtatekjur og fjármagnstekjuskattur

Handbært fé sjóðsins er ávaxtað á óbundnum og óverðtryggðum bankareikningi frá og með maí 2024. Vaxtaviðlagning hefur ekki átt sér stað og því eru áunnir vextir sérgreindir í rekstrarreikningi. Áfallinn ógreiddur fjármagnstekjuskattur að fjárhæð 43.761 kr. er færður til gjalda í rekstrarreikningi og sem skammtímaskuld í efnahagsreikningi.

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnframlag	Úthlutað umfram ávöxtun	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.9.2023	20.000.000	(10.667.755)	9.332.245
Úthlutað umfram ávöxtun á rekstrarárinu		(1.162.415)	(1.162.415)
Eigið fé 31.8.2024	20.000.000	(11.830.170)	8.169.830

6. Úthlutun styrkja

Ógreiddir úthlutaðir styrkir nema 4.200.000 kr. í lok reikningsárs en námu 1.200.000 kr. í lok fyrra reikningsárs. Greiðsla styrkja er háð framvindu rannsókna eða náms, það er að tiltekin samningsbundin skilyrði séu uppfyllt. Þar af leiðandi eru ógreiddir styrkir ekki færðir til gjalda og skuldar í ársreikningi fyrr en viðeigandi árangri hefur verið náð og greiðsluskylda myndast hjá sjóðnum. Úthlutaðir styrkir greinast þannig:



Skýringar, frh.:

6. Úthlutun styrkja, frh.

	Heildarfjárhæð styrks	Ógreitt 31.8.2024
Styrkur til Valdimars Sigurðssonar	4.000.000	3.000.000
Styrkur til Hönnu Kristínar Skaptadóttur	2.000.000	1.200.000
Samtals	6.000.000	4.200.000

Markmiðið með rannsókn Valdimars Sigurðssonar er þrífætt; í fyrsta lagi að skoða hvernig laða megir að fólk til endurskoðunarstarfa, hvernig best sé að halda í hæfileikaríkt fagfólk í stéttinni og loks hvernig best sé að kynna störf endurskoðenda fyrir almenningi og stuðla að jákvæðri ímynd starfsins. Styrkur til Hönnu Kristínar Skaptadóttur er vegna doktorsnáms hennar í reikningshaldi og endurskoðun.



Félag löggiltra endurskoðenda